

Fréttatilkynning frá Össuri hf.
Reykjavík, 27. október 2009

Góður ársfjórðungur

- Sala 84 milljónir Bandaríkjadala
- Góð sala á stoðtækjum, söluvöxtur 11%
- EBITDA hlutfall 23%
- Hagnaður 7% af sölu
- Önnur kynslóð af hátæknihnénu RHEO KNEE
- Nýr sölusamningur í Bandaríkjunum
- Skráning á NASDAQ OMX í Kaupmannahöfn

Jón Sigurðsson, forstjóri:

„Við erum ánægð með niðurstöður fjórðungsins. Reksturinn gengur vel og er arðsamur. Sala á stoðtækjum hefur farið fram úr væntingum, vörunýjungar og ný kynslóð af hátæknihnénu RHEO KNEE hafa hlotið góðar móttökur á markaðnum og styrkir það hátæknivörulínu okkar enn frekar. Sala á spelkum og stuðningsvörum er að ná jafnvægi og við erum vongóð um að sjá viðsnúning í sölu á þessari vörulínu á næstu fjórðungum.“



Össur hf. kynnis afkomu þriðja ársfjórðungs, þriðjudaginn 27. október kl. 11:00 í Kaupmannahöfn

Kynningarfundur fyrir hluthafa og markaðsaðila verður haldinn 27. október í Kaupmannahöfn. Fundurinn verður á Radisson SAS Royal Hotel, Hammerichsgade 1, og hefst kl. 11:00 GMT / 12:00 CET / 7:00 EST. Á fundinum munu þeir Jón Sigurðsson, forstjóri og Hjörleifur Pálsson, fjármálastjóri, kynna afkomu félagsins og svara spurningum. Fundurinn fer fram á ensku.

Sýnt verður beint frá fundinum á netinu, á slóðinni www.ossur.com/investors

Einnig verður hægt að taka þátt í fundinum í síma. Símanúmer fyrir fundinn eru:

Ísland: **800-8857**

Evrópa: + 44 (0) 208 817 9301

Bandaríkin: +1 718 354 1226

Kynningarefni verður aðgengilegt á heimasíðu Össurar: www.ossur.com, fréttavef Kauphallarinnar Nasdaq OMX: <http://nasdaqomxnordic.com/Frettir> og á www.huginonline.com

UPPGJÖR ÞRIÐJA ÁRSFJÓRÐUNGS 2009

Rekstrarhorfur 2009

Gert er ráð fyrir að félagið muni skila heldur betri afkomu en áður birt afkomuspá stjórnenda um sölu og EBITDA gefur til kynna:

- Sala 310-320 milljónir Bandaríkjadala
- EBITDA 58-62 milljónir Bandaríkjadala
- EBITDA hlutfall 18-19%

Áætlaðar rekstrarhorfur 2010

Áætlun stjórnenda fyrir sölu og EBITDA vöxt, í staðbundinni mynt, fyrir rekstrarárið 2010 er eftirfarandi:

- Söluvöxtur 3-4%
- EBITDA vöxtur 8-10%

Rekstrarniðurstöður þriðja ársfjórðungs 2009

Eftirfarandi eru helstu rekstrarniðurstöður þriðja ársfjórðungs 2009

Rekstrarreikningur 2009 (USD '000)	Q3 2009	% af sölu	Q3 2008	% af sölu	Breyting
Sala	84.184	100,0%	86.470	100,0%	-2,6%
Kostnaðarverð seldra vara	(32.463)	-38,6%	(32.761)	-37,9%	-0,9%
Framlegð	51.721	61,4%	53.709	62,1%	-3,7%

Aðrar rekstrartekjur	18	0,0%	2.479	2,9%	-99,3%
Sölu- og markaðskostnaður	(21.948)	-26,1%	(24.003)	-27,8%	-8,6%
Þróunarkostnaður	(4.170)	-5,0%	(5.100)	-5,9%	-18,2%
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	(10.725)	-12,7%	(11.727)	-13,6%	-8,5%
Rekstrarhagnaður	14.897	17,7%	15.358	17,8%	-3,0%
Fjármunatekjur	45	0,1%	27	0,0%	66,7%
Fjármagnsgjöld	(2.805)	-3,3%	(4.679)	-5,4%	-40,1%
Gengismunur	(4.196)	-5,0%	7.034	8,1%	-159,7%
Hagnaður fyrir tekjuskatt	7.941	9,4%	17.740	20,5%	-55,2%
Tekjuskattur	(1.938)	-2,3%	(4.051)	-4,7%	-52,2%
Hagnaður tímabilsins	6.003	7,1%	13.689	15,8%	-56,1%
EBITDA	19.355	23,0%	21.128	24,4%	-8,4%
EBITDA leiðrétt*	19.355	23,0%	19.112	22,1%	1,3%

* leiðrétt fyrir einskiptistekjum og einskiptiskostnaði.

Ath: eins og tilkynnt var í ársuppgjöri félagsins verður flutningskostnaður framvegis skilgreindur sem sölu- og markaðskostnaður í stað sölu og/eða kostnaðarverðs seldra vara.

Rekstrarreikningur þriðja ársfjórðungs 2009

Sala fjórðungsins var 84,2 milljónir Bandaríkjadala, samanborið við 86,5 milljónir Bandaríkjadala á sama tímabili í fyrra. Gengisáhrif höfðu neikvæð áhrif á sölu sem nam 3 milljónum Bandaríkjadala. Salan dróst saman um 3% mælt í Bandaríkjadöllum, en jókst um 1% mælt í staðbundinni mynt. Sala á stoðtækjum gekk mjög vel á fjórðungnum. Samningar við birgja hjá EMEA sem ekki hafa verið endurnýjaðir halda áfram að hafa neikvæð áhrif á söluna en jákvæð áhrif á arðsemi.

Framlegð var 51,7 milljónir Bandaríkjadala og 61%, samanborið við 53,7 milljónir og 62% árið á undan. Framlegð sem hlutfall af sölu hefur verið mjög svipað hlutfall undanfarna fjórðunga.

Aðrar rekstrartekjur námu 18 þúsund Bandaríkjadöllum, samanborið við 2,5 milljónir dala á sama ársfjórðungi í fyrra. Undir liðnum aðrar rekstrartekjur á ársfjórðungnum í fyrra voru 2,3 milljónir dala vegna sölu á sáraumbúðavörulínu félagsins.

Kostnaðarliðir sem hlutfall af sölu voru 44%, samanborið við 47% á þriðja ársfjórðungi 2008. Að undanskildum gengisáhrifum lækkaði hlutfallið um 1,9 prósentustig. Lækkunin er einkum vegna skilvirkara fyrirkomulags á sölu- og markaðsmálum hjá Össur Americas sem og lækkun á skrifstofu- og stjórnunarkostnaði.

Rekstrarhagnaður nam 14,9 milljónum Bandaríkjadala, sem er 18% af sölu, samanborið við 15,4 milljónir og 18% af sölu á þriðja fjórðungi 2008.

Afskriftir ófagnislegra eigna námu 2,5 milljónum Bandaríkjadala samanborið við 3,7 milljónir dala á sama tímabili árið 2008. Afskriftir eru í samræmi við reikningsskilastaðla og hafa áhrif á rekstrarreikning þó svo að undirliggjandi eignir geti haldið verðgildi sínu.

Nettó fjármagnsgjöld á þriðja ársfjórðungi námu 7,0 milljónum Bandaríkjadala, samanborið við 2,4 milljónir dala á þriðja ársfjórðungi 2008. Össur notar gengisvarnir sem byggja á jafnvægi í myntsamsetningu tekna og skulda en gengissveiflur geta haft veruleg áhrif. Hækkun á stundargengi evru á móti Bandaríkjadala skilar neikvæðum gengisáhrifum á langtímalán félagsins þar sem að um 50% af langtímalánum félagsins eru í evrum.

Tekjuskattur nam 1,9 milljónum Bandaríkjadala sem er 24% virkt skatthlutfall samanborið við 4,0 milljónir dala og 23% virkt skatthlutfall á sama tímabili í fyrra.

Hagnaður tímabilsins nam 6,0 milljónum Bandaríkjadala, samanborið við 13,7 milljónir Bandaríkjadala á sama tímabili árið 2008. Óvenjulegar gengissveiflur sem hafa áhrif á fjármagnsliði, hafa töluverð áhrif á samanburð á hagnaði milli ára. Gengissveiflur á milli ára nema 11,2 milljónum Bandaríkjadala. Einskiptistekjur vegna sölu á sáraumbúðavörulínu sem námu 2,3 milljónum dala á sama tímabili 2008, hafa einnig áhrif á samanburðinn.

EBITDA nam 19,4 milljónum Bandaríkjadala eða 23% af sölu, samanborið við 21,1 milljón dala og 24% af sölu á sama ársfjórðungi í fyrra. Engar leiðréttingar voru á EBITDA á þessum fjórðungi. EBITDA leiðrétt á þriðja ársfjórðungi 2008 nam 19,1 milljón dala og 22% af sölu. Einskiptistekjur vegna sölu á sáraumbúðavörulínu félagsins nam þá 2,3 milljónum Bandaríkjadala.

Vöruflokkar

Skipting sölu milli vöruflokkanna var þessi:

USD '000	Q3 2009	% af sölu	Vöxtur í USD	Vöxtur í staðb. mynt
Stuðningsvörur	40.321	48%	-9%	-6%
Stoðtæki	39.602	47%	8%	11%
Blóðrásarmeðferðir	3.600	4%	-4%	1%
Annað	661	1%	-64%	-61%
Samtals	84.184	100%	-3%	1%
Meðal söluvöxtur pr. dag			-3%	0%

Spelkur og stuðningsvörur:

Sala á spelkum og stuðningsvörum dróst saman um 9%. Sala mæld í staðbundinni mynt dróst saman um 6%. Samningar við birgja sem ekki hafa verið endurnýjaðir hafa áhrif á söluvöxt á spelkum og stuðningsvörum hjá EMEA. Jákvæðar framfarir gefa von um góða þróun í þessum vöruflokkum. Til að sinna stærra sölusvæði hefur fleira sölufólk verið ráðið og samningar gerðir við sjálfstætt starfandi söluhópa. Á þessu ári hefur Össur fengið aðgang að sölukerfi tveggja stórra innkaupafyrirtækja fyrir spítala í Bandaríkjunum að undangengnu útboði og eru væntingar um að það auki sölu á næsta ári. Margar spennandi spelkur og stuðningsvörur eru nú í vöruþróun.

Stoðtæki:

Sala á stoðtækjum jókst um 8%. Sala mæld í staðbundinni mynt jókst um 11%. Sala á stoðtækjum fór fram úr áætlunum og er Össur að auka við markaðshlutdeild sína. Nýlegar vörunýjungar og ný kynslóð af RHEO KNEE hátæknihnénu hafa hlotið góðar móttökur á markaðnum. Hnéð hefur verið endurhannað og ýmislegt verið uppfært og betrubætt, eins og útlit, aukið þyngdarþol og betri og hraðari sveifla.

Vörur fyrir blóðrásarmeðferðir:

Sala á vörum til nota við blóðrásarmeðferðir virðist vera að ná sér á strik. Sala mæld í Bandaríkjadöllum dróst saman um 4% en sala í staðbundinni mynt jókst um 1%. Nýjar vörur hafa verið settar á markað og eru væntingar um jákvæðan vöxt.

Markaðssvæði

Dreifing sölu eftir markaðssvæðum var sem hér segir:

USD '000	Q3 2009	% af sölu	Vöxtur USD	Vöxtur í staðb. mynt
Ameríka	43.763	52%	-1%	0%
EMEA	35.881	43%	-6%	1%
Asía	4.540	5%	29%	31%
Samtals	84.184	100%	-3%	1%

Ameríka: Sala hjá Össur Americas hefur náð jafnvægi samanborið við síðasta fjórðung og stóð í stað mælt í staðbundinni mynt. Söluvöxtur á stoðtækjum á fjórðungnum var sérstaklega góður, en heildarvöxtur Össur Americas jafnast út vegna samdráttar í spelkum og stuðningsvörum. Á fjórðungnum skrifaði Össur undir sölusamning við stórt innkaupafyrirtæki fyrir spítala sem heitir Premier og er það annar slíkur samningur sem Össur Americas skrifar undir á þessu ári. Á árinu hefur mikil áhersla verið lögð á að ná utan um stærra sölusvæði og á þriðja ársfjórðungi voru nýir sölumenn ráðnir og einnig sjálfstætt starfandi söluhópar.

Salan í Bandaríkjunum nam 52% af heildarsölu, samanborið við 50% á þriðja ársfjórðungi 2008.

Evrópa, Mið-Austurlönd og Afríka (EMEA):

Sala í Evrópu, Mið-Austurlöndum og Afríku dróst saman um 6% og jókst um 1% mælt í staðbundinni mynt. Helstu ástæður fyrir samdrætti í sölu eru efnahagsþrengingar í Bretlandi og óendurnýjaðir samningar við birgja sem hafa tímabundið neikvæð áhrif á sölu, en ekki á arðsemi. Sala á stoðtækjum var mjög góð á þessum fjórðungi.

Sala Össur EMEA nam 43% af heildarsölu, samanborið við 46% á þriðja ársfjórðungi 2008.

Asía:

Sala í Asíu heldur áfram að vaxa og jókst um 29% mælt í Bandaríkjadöllum og 31% mælt í staðbundinni mynt. Sala gengur vel á öllum helstu mörkuðum Asíu, einkum Japan.

Sala í Asíu nam 5% af heildarsölu, samanborið við 4% á þriðja ársfjórðungi 2008.

Efnahagsreikningur

(USD '000)	30. sept. 2009	31. des. 2008	% Breyting
Fastafjármunir	462.994	458.046	1%
Veltufjármunir	153.832	145.732	6%
Eignir samtals	616.826	603.778	2%
Eigið fé	278.857	249.648	12%
Langtímaskuldir	257.768	223.242	15%
Skammttímaskuldir	80.201	130.888	-39%
Eigið fé og skuldir samtals	616.826	603.778	2%
Veltufjárhlutfall	1,9	1,1	
Eiginfjárhlutfall	45%	41%	
Nettó vaxtaberandi skuldir/EBITDA	3,0	2,9	

Eiginfjárhlutfall í lok fjórðungsins var 45%, samanborið við 41% í árslok 2008. Skuldsetning hefur minnkað og nettó vaxtaberandi skuldir á móti EBITDA voru 3,0x í lok tímabilsins. Félagið er fjármagnað á hagstæðum kjörum og uppfyllir öll fjárhagsleg viðmið lánasamninga.

Sjóðstreymi

(USD '000)	Q3 2009	% af sölu	Q3 2008	% af sölu
Hreint veltufé frá rekstri	12.774	15%	17.336	20%
Handbært fé frá rekstri	21.621	26%	11.809	14%

Hreint veltufé frá rekstri dróst saman um 26%. Að undanskildum einskiptistekjum á þriðja ársfjórðungi 2008, dróst veltufé frá rekstri saman um 15%. Handbært fé frá rekstri jókst um 83% milli ára.

Össur hefur sterkt sjóðstreymi og var handbært fé í lok tímabilsins 49 milljónir dala, samanborið við 11 milljónir í lok þriðja ársfjórðungs 2008.

Fjárfestingar í fastafjármunum námu 2,1 milljón Bandaríkjadala sem jafngildir 2,5% af sölu, samanborið við 2,0 milljónir og 2,3% af sölu á þriðja ársfjórðungi 2008. Fjárfestingar í fastafjármunum eru á því bili sem félagið hefur gefið út, eða milli 2,5 – 3,5% af sölu.

Hagnaður á hlut

	Q3 2009	Q3 2008	Breyting
Hagnaður á hlut að teknu tilliti til kaupréttá (bandarísk sent)	1,42	3,24	-56%
Hagnaður að viðbættum afskriftum á útistandandi hlut að teknu tilliti til kaupréttá (bandarísk sent)	2,47	4,60	-46%

Samanburður fimm ársfjórðunga

(USD '000)	Q3 2009	Q2 2009	Q1 2009	Q4 2008	Q3 2008
Sala	84.184	81.345	77.180	79.440	86.470
Framlegð	51.721	50.061	47.025	49.011	53.709
Rekstrarhagnaður	14.897	11.774	7.849	10.815	15.358
Fjármunatekjur / (fjármagnsgjöld)	(6.956)	(7.346)	1.897	(5.969)	2.382
Hagnaður fyrir tekjuskatt	7.941	4.428	9.746	4.846	17.740
Hagnaður tímabilsins	6.003	3.501	7.573	4.171	13.689
EBITDA	19.355	16.961	12.865	16.324	21.128
EBITDA leiðrétt*	19.355	17.930	13.593	16.847	19.112

Framlegð sem hlutfall af sölu	61%	62%	61%	62%	62%
EBITDA sem hlutfall af sölu	23%	21%	17%	21%	24%
EBITDA leiðrétt* sem hlutfall af sölu	23%	22%	18%	21%	22%
Eigið fé	278.857	264.727	247.050	249.648	264.383
Heildareignir	616.826	598.879	581.592	603.778	614.944
Veltufjárhlutfall	1,9	1,9	1,8	1,1	1,1
Eiginfjárhlutfall	45%	44%	42%	41%	43%
Nettó vaxtaberandi skuldir / EBITDA s.l. 12 mán.	3,0	3,2	3,2	2,9	3,2
Nettó vaxtaberandi skuldir / EBITDA s.l. 12 mán. leiðrétt*	2,9	3,1	3,3	3,3	3,7
Veltufé frá rekstri	12.774	12.427	9.007	7.877	17.336
Handbært fé frá rekstri	21.621	17.696	7.003	19.372	11.809
Hagnaður á hlut (bandarísk sent)	1,42	0,83	1,79	0,99	3,24
Hagnaður á hlut að viðbættum afskriftum (bandarísk sent)	2,47	3,20	2,98	2,29	4,60
Verð á hlut í lok tímabils (ISK)	122,5	115,5	89,7	99,8	93,8
Verð á hlut í lok tímabils (DKK)	5,10	-	-	-	-
Markaðsvirði í lok tímabils í milljónum dala	419	385	310	349	391

*Leiðrétt fyrir einskiptiskostnaði og einskiptistekjum

Rekstrarreikningur fyrstu níu mánuði ársins 2009

(USD '000)	Jan-sept 2009	% af sölu	Jan-sept 2008	% af sölu	Breyting
Sala	242.709	100,0%	267.395	100,0%	-9,2%
Kostnaðarverð seldra vara	(93.902)	-38,7%	(102.203)	-38,2%	-8,1%
Framlegð	148.807	61,3%	165.192	61,8%	-9,9%
Aðrar rekstrartekjur	365	0,2%	9.482	3,5%	-96,2%
Sölu- og markaðskostnaður	(69.116)	-28,5%	(74.949)	-28,0%	-7,8%
Þróunarkostnaður	(13.948)	-5,7%	(15.903)	-5,9%	-12,3%
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	(31.590)	-13,0%	(38.679)	-14,5%	-18,3%
	34.518	14,2%	45.143	16,9%	-23,5%
Rekstrarhagnaður					
Fjármunatekjur	185	0,1%	225	0,1%	-17,8%
Fjármagnsgjöld	(9.127)	-3,8%	(14.316)	-5,4%	-36,2%
Gengismismunur	(3.463)	-1,4%	2.335	0,9%	-248,3%
Hagnaður fyrir tekjuskatt	22.113	9,1%	33.387	12,5%	-33,8%
Tekjuskattur	(5.038)	-2,1%	(9.070)	-3,4%	-44,5%
Hagnaður tímabilsins	17.075	7,0%	24.317	9,1%	-29,8%
EBITDA	49.176	20,3%	63.116	23,6%	-22,1%
EBITDA leiðrétt*	50.874	21,0%	55.786	20,9%	-8,8%

* leiðrétt fyrir einskiptistekjum og einskiptiskostnaði.

Sala fyrstu níu mánuði ársins var 242,7 milljónir Bandaríkjadala, dróst saman um 9%, og 2% mælt í staðbundinni mynt borið saman við sama tímabil árið 2008. Neikvæð gengisáhrif á sölu voru töluverð og námu 19,1 milljón Bandaríkjadala. Söluvöxtur í stoðtækjum var 6% og samdráttur í sölu á spelkum og stuðningsvörum 6%, hvortveggja mælt í staðbundinni mynt. Sala á vörum fyrir blóðrásarmeðferðir dróst saman um 7%, mælt í staðbundinni mynt.

Sala í Ameríku á fyrstu níu mánuðum ársins dróst saman um 3% og 2% mælt í staðbundinni mynt. Sala EMEA dróst saman um 16% og 2% mælt í staðbundinni mynt. Söluvöxtur í Asíu var 11% og 15% mælt í staðbundinni mynt.

Framlegð var 148,8 milljón Bandaríkjadala, samanborið við 165,2 milljónir árið á undan. Framlegðarhlutfallið helst svipað.

Aðrar rekstrartekjur námu 0,4 milljónum Bandaríkjadala, samanborið við 9,5 milljónir dala á sama tímabili í fyrra. Undir liðnum aðrar rekstrartekjur á tímabilinu í fyrra eru 8,8 milljónir dala vegna sölu á sáraumbúðavörulínu félagsins.

Kostnaðarliðir sem hlutfall af sölu lækka um 1,2 prósentustig milli ára. Að undanskildum gengisáhrifum er hlutfallið svipað.

Rekstrarhagnaður nam 34,5 milljónum Bandaríkjadala, sem er 14% af sölu, samanborið við 45,1 milljón og 17% af sölu á sama tímabili 2008.

Nettó fjármagnsgjöld fyrstu níu mánuði ársins námu 12,4 milljónum Bandaríkjadala, samanborið við 11,8 milljónir dala árið 2008. Heildar gengisáhrif á fjármagnsliði voru neikvæð sem nam 3,5 milljónum á tímabilinu samanborið við jákvæð gengisáhrif að upphæð 2,3 milljónir á sama tímabili 2008.

Hagnaður tímabilsins nam 17,1 milljón Bandaríkjadala eða 7% af sölu, samanborið við 24,3 milljónir Bandaríkjadala á sama tímabili 2008. Að undanskildum einkiptistekjum helst hlutfall hagnaðar af sölu óbreytt.

EBITDA nam 49,2 milljónum Bandaríkjadala og 20% af sölu, samanborið við 63,1 milljón dala og 24% af sölu á sama tímabili í fyrra. EBITDA leiðrétt nam 50,9 milljónum dala og 21% af sölu, samanborið við 55,8 milljónir dala og 21% af sölu á fyrstu níu mánuðum ársins 2008. Einskíptiskostnaður á fyrstu níu mánuðum ársins 2009 nam 1,7 milljónum dala, þar á meðal starfslokagreiðslur. Einskíptistekjur á sama tímabili árið 2008 námu 8,8 milljónum dala vegna sölunnar á sáraumbúðavörulínu félagsins.

Skráning á NASDAQ OMX í Kaupmannahöfn

Hlutabréf Össurar voru skráð í Kauphöll NASDAQ OMX í Kaupmannahöfn þann 3. september og er skráningin talin eðlileg framvinda mála fyrir félagið. Skráningunni er ætlað að auka viðskipti með hlutabréf í félaginu, stuðla að eðlilegri verðmyndun þeirra og styðja framtíðarvöxt.

Nánari upplýsingar

Jón Sigurðsson, forstjóri sími: 515-1300
Hjörleifur Pálsson, fjármálastjóri sími: 515-1300
Sigurborg Arnarsdóttir, fjárfestatengill sími: 664-1044

Eftirfarandi dagsetningar sýna áætlaða fundi og viðburði fyrir hluthafa og fjárfesta:

Viðburður	Staðsetning	Dagsetning
Piper Jaffray Healthcare Ráðstefna	New York	1-2. desember 2009
4. fjórðungur	Fjárfestafundur - webcast	4. febrúar 2010
Fjárfestafundur / Ársuppgjör 2009	Kaupmannahöfn / London	Vika 7, 2010
Aðalfundur 2009	Reykjavík, Ísland	23. febrúar 2010

Fréttatilkynningar frá Össuri sendar með tölvupósti

Ef óskað er eftir því að fá fréttatilkynningar frá Össuri sendar með tölvupósti, er hægt að skrá sig á eftirfarandi síðu: <http://www.ossur.com/investormailings>

Ef ósamræmi er milli ensku og íslensku fréttarinnar, gildir enska útgáfan.

Samkvæmt reikningsskilmárum miðast umreikningur rekstrarliða milli gjaldmiðla við meðalgengi rekstrartímabils. Við umreikning efnahagsliða er notað gengi í lok ársfjórðungsins.